



Skýrsla stjórnar

Aðalfundur 2021

Græna orkan

Samstarfsvettvangur um orkuskipti

Starfsárið 2020-2021

Covid-19 faraldurinn árið 2020 hafði þau áhrif að færri hefðbundir viðburðir voru haldnir á vegum Grænu orkunnar en undanfarin ár en stjórnin fundaði nánast eingöngu með fjarfundabúnaði.

Starfstímabil stjórnar milli aðalfunda var því að þessu sinni styttra en verið hefur en aðalfundur félagsins 2020 frestaðist vegna heimsfaraldurs og tengdra samkomutakmarkana. Aðalfundur félagsins fór fram í gegnum fjarfundakerfi í október 2020.

Kosin voru í stjórn Ágústa Loftsdóttir, EFLU verkfræðistofu og Benedikt Stefánsson, Carbon Recycling International og Bjarni Freyr Guðmundsson hjá Verkís og Sigurður Ástgeirsson, Ísorku tóku sæti varamanna í stjórn. Benedikt var kjörinn formaður á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar.

Í stjórn Grænu orkunnar sitja fjórir fulltrúar stjórnvalda sem hver er skipaður af ráðherra síns ráðuneytis, og fjórir fulltrúar atvinnulífsins, tveir sem kosnir voru árið 2019 og tveir sem tóku sæti í stjórn eftir aðalfund 2020 sem fyrr segir. Það hefur reynt gæfuríkt að hafa ólíka aðila í stjórninni. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu, bakgrunn og tengslanet að borðinu.

Frá atvinnulífi sátu því í stjórn á tímabilinu 2020-2021: Ágústa Loftsdóttir, EFLU verkfræðistofu og Benedikt Stefánsson, Carbon Recycling International, Gunnar Valur Sveinsson, Samtökum ferðapjónustunnar, og María Jóna Magnúsdóttir, Bílgreinasambandinu.

Skipuð af ráðuneytum Ásta Þorleifsdóttir (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Erla Sigríður Gestsdóttir (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti), Helga Barðadóttir (Umhverfis- og auðlindaráðuneyti) og Margrét Þóroldsdóttir (Fjármála- og efnahagsráðuneyti).

Stjórn Grænu orkunnar tók þátt í samráðsferli stjórnvalda í Samráðsgátt með því að veita umsögn um hin ýmsu mál tengdum orkuskiptum og vistvænu eldsneyti.

Rekstrarsamningur við Íslenska NýOrku var endurnýjaður til tveggja ára og hafa Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir starfað með Grænu orkunni.

Um 80 fyrirtæki og stofnanir eru skráð á póstlista Grænu orkunnar og þar af eru 50 formlegir aðilar að samstarfsvettvangnum en rekstur hans hefur verið fjármagnaður af félagsgjöldum. Fjölmargir taka virkan þátt í viðburðum á vegum félagsins.

Málefnavinna stjórnar

Stjórn skipti með sér verkum um forgangsraðaði brýnum málum til umræðu. Ákveðið var að vinna að vinna að þremur málefnum með markmissum hætti:

- Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta
- Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun
- Gerð eldsneytisvegvisis

Viðburðir

Hádegisfundur í samstarfi við Hjólafærni, Stjórnvísi, Grænni byggð og Orkustofnun fór fram á Zoom 25. ágúst og var yfirskriftin *Rafhjólavæðingin*. Þá slóst Græna orkan í för með Samtökum um bíllausan lífstill og fleiri aðila og studdi við *Bíllausa daginn* 20. september 2020. Þá studdi Græna orkan við rafræna ráðstefnu Íslenskrar Nýorku og Hafsins Öndvegisseturs sem bar heitið *Making Marine Applications Greener* og fór einnig fram í september.

Rafrænn aðalfundur Grænu orkunnar var haldinn 21. október en að honum loknum var boðið upp á fyrirlestra um rekstur tvinnferjunnar Herjólf og uppbyggingu rafhleðsluinnviða fyrir raf-bílaleigubíla.

Samstarf

Í september tók Græna orkan þátt í samstarfsfundi aðila sem vinna að orkuskiptum. Þar voru saman komnir fulltrúar Orkustofnunar, Orku náttúrunnar, Orkuklasans, Grænvangs, Íslenskrar Nýorku, og Orkuskiptahóps Samorku en markmið fundarins var að skýra hlutverk hvers og eins aðila og móta leiðir til frekara samstarfs.

Næsta starfsár

Framundan er nýtt starfsár með nýjum tækifærum áskorunum. Stjórn Grænu orkunnar hefur lagt drög að viðburðum tengd viðfangsefnum á borð við orkuskipti í flugvallastarfsemi, ferðaþjónustu og höfnum auk þess sem gert er ráð fyrir að fjallað verði um nýútkomna raforkuspá og eldsneytisspá. Þá liggur fyrir að aðgerðaáætlun um orkuskipti verði uppfærð á árinu og fleiri spennandi viðfangsefni á döfinni.

f.h. stjórnar Grænu orkunnar,

Benedikt Stefánsson, formaður

Samstarfsvettvangur um orkuskipti

Grensásvegi 9, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík, Iceland
Phone: +354-588-0310 Email: skulason@newenergy.is

Ársreikningur Samstarfsvettvangs um orkuskipti

2020

Aðildargjöld	kr.
Aðildargjöld	1.786.260
Fjármagnstekjur	<u>335</u>
Heildartekjur	1.786.595

Kostnaður

Kostnaður vegna vefhýsingar, og rafrænnar þjónustu	91.061
Vinnustofur og fundir	10.000
Þjónustugjöld	4.445
Þjónustusamningur um rekstur	1.426.000
Ofgreitt félagsgjald (til endurgr. 2021)	<u>80.000</u>
Heildarkostnaður	1.611.506

Geymt f. MMAG 2020¹	361.643
Greitt v. MMAG 2020	361.643

Eignir í árslok 2020

Rekstrarhagnaður 2020	175.089
Bankainnistæða 01.01.2019	<u>475.067</u>
Bankainnistæður 31.12.20	650.156

Reykjavík 04. maí, 2021,

Jón Björn Skúlason, Verkefnisstjóri

Skoðað af kjörnum endurskoðendum Samstarfsvettvangs um orkuskipti,


Benedikt S. Benediktsson


Gunnar Páll Stefánsson

¹ Vettvangurinn geymir fé til að halda Making Maritime Application Greener (MMAG) 2020 að upphæð 361.643 sem var hagnaður af styrk MMAG 2018 og var vistaður hjá Vettvanginum.

Rekstraráætlun Samstarfsvettvangs um orkuskipti

2021

Aðildargjöld	kr.
Aðildargjöld	1.800.000
Fjármagnstekjur	<u>1.000</u>
Heildartekjur	1.801.000

Kostnaður

Kostnaður vegna funda, vefhýsing og annað	150.000
Þjónustusamningur um rekstur	1.550.000
Annað ófyrirséð	<u>100.000</u>
Heildarkostnaður	1.800.000

Eignir í árslok 2021

Rekstrarafgangur 2021	1.000
Eignir frá 2020	<u>650.156</u>
Eign 31.12.2021	651.156

Samtals áætluð bankainnistæða í lok 2021 651.156

Fyrir hönd Samstarfsvettvangs um orkuskipti,

Jón Björn Skúlason